

áherzla verið lögð á sálarfræðina. Sérstaklega hefir sálarfræðin í sambandi við trúarbrögðin verið gerð að rannsóknaréfni af ýmsum nafnkendum fræðimönnum, eins og t. d. prófessor W. James og mörgum öðrum. Við það hefir athygli flestra frjálslyndra manna dregist meira og meira að breytiþróuninni í trúarbrögðunum og trúarreynslu manna yfir höfuð. Sálarfræðisrannsóknirnar sýna, hvernig trúarbrögð hvers einstaklings út af fyrir sig breytast og þroskast, eftir því sem hið andlega líf hans tekur framförum. Eftir því sem sálarlíf einstaklingsins verður auðugra og hugsun hans yfirgripsmeiri, eftir því verða trúarbrögð hans frjálsari og minna bundin við utan að komandi og innrættar trúarkreddur. Að vísu er það að eins þar, sem einhverjir möguleglegir eru fyrir hendi, að trú einstaklingsins geti þroskast; það er að segja þar sem vissum viðteknum skoðunum er ekki leyft að hafa svo algjört vald yfir hugsun einstaklingsins í þeim efnum, að hans eigin skoðanir komi aldrei fram.— Vísindaleg sálarfræði kennir oss, að barnið hafi enga trú til að byrja með, fremur en það hefir þekkingu eða tilhneigingu til nokkurrar vissrar afstöðu gagnvart því, sem það sér í kringum sig, frá byrjun tilveru sinnar. Gömlu „intuitionalista“ kenningunni um meðfæddar hugmyndir hefir verið kollvarpað af hinni vísindalegu sálarfræði, sem eingöngu styðst við rannsóknir. Samkvæmt henni er barnssálin lík óskrifaðri pappírsörk, sem skrifa má á, hvað sem vera vill, alt eftir því hver áhrifin eru, sem barnið verður fyrir. Erfðatilhneigingar koma að vísu í ljós fljótt og leitast við að setja sín einkenni á öll utan að komandi áhrif. En vér megum ekki blanda saman erfðatilhneigingum, sem eru meðfæddar, og svo kölluðum erfðakenningum, sem jafnan eru innrættar, eins fljótt og barnið er meðtækilegt fyrir þær. Sé þroski sálarinnar ekki heftur á neinn hátt, þá á eðlileg framför sér stað. Sú trú, sem fyrst er innrætt, breytist þá samkvæmt reynslu og hugsun seinni ára, sé hún í byrjun að einhverju leyti ósamkvæm því, sem maðurinn, þegar hann hefir náð fullum andlegum þroska, skoðar sannast og réttast. Sálarfræðin kennir að eins um breytiþróun og framför trúarbragðanna hjá hverjum einstökum manni. Til þess að sjá framför-